

## **Niðurstöður starfshóps um nýja tímasetningu á ársþingi KSÍ**

Á ársþingi þann 24. febrúar 2024 var tillaga á þingskjali 21 samþykkt með 114 atkvæðum greiddum af 132, þess efnis að myndaður yrðir starfshópur þar sem skoða ætti kosti og galla þess að halda ársþing KSÍ að hausti í stað þess ársþings sem fram fer í lok febrúar ár hvert.

Stjórn KSÍ skipaði eftirtalda aðila í hópinn. Þau Guðjón Bjarni Hálfðánarson, formaður nefndarinnar, Flosi Eiríksson, Viðar Halldórsson, Klara Bjartmarz, Guðbjörg Fanndal Torfadóttir, Reimar Helgason og starfsmaður starfshópsins var Bryndís Einarsdóttir, fjármálastjóri KSÍ.

Starfshópurinn kom saman fjórum sinnum á árinu. Send var fyrirspurn til aðildarfélaga um vilja þeirra til flutnings á ársþingi fram á haust sem og að leitað til sérfræðinga innan sambandsins varðandi mikilvæg úrlausnarefni.

### **Inngangur:**

Eitt af megin hlutverkum KSÍ er að vinna að því að efla knattspyrnu í landinu og stuðla að góðum stjórnarháttum félaga innan vébanda KSÍ, sbr. c. lið 2. gr. laga KSÍ. Var þetta leiðarljós starfshópsins í störfum hans á árinu.

Eitt af fyrstu störfum starfshópsins var að skoða hvort hægt væri að færa þingið fram á haust vegna skilyrða UEFA og FIFA. Leitaði starfshópurinn til lögfræðings KSÍ eftir umsögn. Niðurstaðan var að ekkert í reglum UEFA og FIFA hindraði að færa umræðu um faglega hlutann (knattspyrnunnar) fram á haustþing en fjárhagslegi hlutinn yrði að koma til afgreiðslu á vorþingi.

Þar sem þingsályktunartillagan var samþykkt af 114 fulltrúm af 145 sem á ársþinginu voru frá 65 félögum og 70% félaga, (14 af 20), sem svöruðu könnun starfshópsins vildu flytja ársþing sambandsins fram á haust hélt starfshópurinn áfram að vinna úr því verkefni sem honum var falið.

Niðurstaða starfshópsins er því eftirfarandi:

### **Kostir við að færa þingið eru þessir að mati starfshópsins:**

Knattspyrnulegir þættir:

1. **Mótum lokið:** Öllum mótum á vegum KSÍ lýkur fyrir lok október ár hvert og ný mót meistaraflokka hefjast í byrjun janúar ár hvert. Yngri flokka mót hefjast í byrjun nóvember ár hvert.
2. **Ferskar minningar:** Atvik tímabilsins fersk í minni fulltrúa aðildarfélaga. Einfaldar úrvinnslu á tillögum fyrir þingið af hálfu aðildarfélaga.
3. **Nýting á vinnu:** Álitamál sem koma upp og fara fyrir áfrýjunardómstól fela í sér mikla vinnu að hálfu félaganna. Sé niðurstaða vafa háð er hægt nýta þá vinnu sem lagt var í til að vinna tillögur fyrir ársþing sem myndu taka á þeim vafa.
4. **Breytingar geta tekið strax gildi:** Breytingar, t.d. á keppnisfyrirkomulagi, sem samþykktar eru á haustþingi geta tekið gildi strax á næsta keppnistímabili.
5. **Fordæmi í stjórnarháttum:** Aðildarfélög gætu fylgt fordæmi KSÍ og fært aðalfundi sína inn í haustið.
6. **Kraftur í grasrótina:** Stjórnir aðildarfélaganna koma með ferskar áherslur frá ársþingi inn í félögin til að vinna eftir á komandi tímabili.
7. **Betri undirbúningur fyrir ársþing:** Erfitt getur verið að boða saman stjórn í desember/janúar til að undirbúa eða ræða tillögur ársþings. Flutningur á þingi yfir á haustið gefur stjórnnum tækifæri til að vinna tillögur fyrir þingið á meðan keppnistímabili stendur.

8. **Nýtt stjórnarfolk KSÍ hefur áhrif:** Nýtt stjórnarfolk KSÍ komið til starfa áður en næsta starfsár hefst sem gefur tækifæri á aðkomu að verkáætlunum og fjármálum sambandsins.

Veðurfar:

1. **Bætt aðgengi fyrir alla:** Febrúarmánuður er að meðaltali snjóþýngri og kaldari en nóvember. Auknar líkur eru á því að þingfulltrúar eigi heimgengt á þingið hvar sem er á landinu. Veðurfar er því ekki ráðandi afl í staðsetningu þings eða virkni.

Fundaraðstaða:

1. **Nægt framboð:** Draga fer úr ferðamönnum um miðjan nóvember ár hvert fram í miðjan desember. Framboð á fundaraðstöðu fyrir ársþing og gistingu fyrir þingfulltrúa á því að vera tryggt.

#### **Ókostir við að færa þingið eru þessir að mati nefndarinnar:**

Knattspyrnulegir þættir:

1. **Rétta áherslan:** Hætta á að ársþingið muni fara í að útkljá hitamál „minni mál“ í staðinn fyrir að hafa framgang knattspyrnunnar á Íslandi að leiðarljósi.
2. **Evrópukeppnir:** Fulltrúar aðildarféлага sem taka þátt í evrópukeppnum geta verið undir miklu álagi á þessum tíma vegna þátttöku sinnar þar.
3. **Þreyta stjórnarmanna:** Stjórnarmenn mögulega þreyttir eftir vinnu sína fyrstu níu mánuði ársins fyrir aðildarfélag sitt.
4. **Aðalfundur aðildarféлага:** Skipulag í kringum aðalfundi aðildarféлага getu skarast við undirbúning fyrir ársþing KSÍ.
5. **Fljótferni:** Mögulega þurfa breytingar sem samþykktar eru ársþingi meiri tíma til að koma til framkvæmda. Undirbúningur getur beðið hnekki vegna vilja til framkvæmda. Álag á nefndir innan KSÍ til að bregðast við breytingum sem samþykktar eru á ársþingi.
6. **Fleiri þing:** Þörf á tveimur formlegum þingum af hálfu KSÍ með tilheyrandi kostnaði á sambandið og vinnu á starfsfólk sambandsins.
7. **Landsleikjaguggar:** Landsleikjaguggar KK og KVK eru í október og nóvember ár hvert. Sú vinna er á herðum KSÍ getur haft áhrif á undirbúning ársþings að hausti.

Annað:

1. **Keppni um tíma:** Árshátíðir og jólaþíðburðir farnir á fullt sem getur haft í för með sér samkeppni um tíma fólks.

Fyrir hönd starfshópsins,

Guðjón Bjari Hálfðánarson

Formaður starfshópsins

## **Ítarefni vegna tívskipts þings**

### **Lausn starfshópsins á fjárhagshlutanum**

Hlutverk starfshópsins er ekki að koma með tillögur til stjórnar KSÍ heldur einungis að benda á kosti og galla við flutning á ársþingi frá vori yfir á haust. Þar sem tvískipta þyrfti þinginu taldi starfshópurinn rétt að skoða lausn á fjárhagslega hluta ársþingsins.

Samkvæmt umsögn sem starfshópurinn fékk heimila lög UEFA og FIFA ekki breytingu á fjárhagsári sambandsins. Verður fjárhagsárið að vera bundið við janúar til desember ár hvert. Leggur starfshópurinn því til eftirfarandi lausn fyrir stjórn til frekari umræðu.

Ársþing að hausti fjallar um knattspyrnulega hluta þingsins og tekur fyrir níu mánaða uppgjör og áætlun út árið til umræðu. Afgreiðslu ársreiknings er fresta til fundar febrúar nk. árs þar sem endurskoðaðir ársreikningar og fjárhagsáætlun er samþykkt.

Starfshópurinn leggur til að ársþing KSÍ og formanna- og framkvæmdastjórafundur KSÍ skipti um stað á viðburðardagatali KSÍ. Ársþing KSÍ fari fram frá 15 – 30. nóvember ár hvert, þó eigi seinna en miðjan desember, þar sem framgangur íslenskrar knattspyrnu er ræddur.

Í lok febrúar ár hvert færi fram rafrænt þing á vegum KSÍ þar sem ársreikningar og fjárhagsáætlanir eru ræddar og samþykktar af þinginu.

Starfshópurinn telur að með þessari breytingu fái knattspyrnan og fjármálin faglegri og meiri umfjöllun á vettvangi KSÍ.

### **Áskorun til stjórnar frá starfshóp:**

Að lokum vill starfshópurinn skora á stjórn KSÍ að fest í sessi stjórnarfundir á landsbyggðinni með það að markmiði að „auka samtal“ við félögin á landsbyggðinni.

Slíkir fundir væru haldnir amk. einu sinni á ári. Félögin í þeim landshluta sem fundurinn fer fram í væru kölluð til samtals við stjórn KSÍ og staða knattspyrnunnar þar rædd. Stjórnin gæti með þessu fyrirkomulagi fengið góðar upplýsingar um styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri á hverjum landsfjórðung fyrir sig.